

## JAFNRÉTTISSTEFNA

---

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Stefna fyrirtækisins er að hafa yfir að ráða hæfu, ábyrgu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar vinnuumhverfi, sem einkennist af metnaði og jákvæðni.

Mannauðsstefna Norðurorku miðar að því að gæta skuli fyllsta jafnréttis milli kynja og að hver og einn einstaklingur verði metinn á grundvelli eigin kunnáttu og hæfileika og fái notið jafns réttar.

Í samræmi við 18. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög) leggur Norðurorka áherslu á markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki sínu þau réttindi sem kveðið er á um í jafnréttislögum.

Norðurorka vinnur markvisst að því að:

- **Jafna starfskjör** kynja innan fyrirtækisins
- **Jafna hlutfall** kynja í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins
- Stuðla að **jöfnum möguleika** kynja til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar
- Skapa starfsmönnum aðstæður til að **samræma** sem best einkalíf og starfsábyrgð
- **Vinna gegn** einelti, kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi innan fyrirtækisins
- Tekið sé mið af **jafnréttissjónarmiðum** við stefnumótun og stærri ákvarðanatöku
- Auka **fjölbreytni** innan fyrirtækisins til að mynda varðandi kynferði, aldur, kynhneigð, þjóðerni, skoðanir, litarhætti, trú og efnahag
- Stuðla að **inngildingu** með því að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Vinna að því að virkja allt fólk til þátttöku og gera fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku.
- Efla fræðslu og **jafnréttismenningu** meðal starfsfólks fyrirtækisins